



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**52. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 18. nóvember 2024
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Valdimar Víðisson, Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Einar Þorsteinsson, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SORPA bs. Endurvinnslustöðvar - 1606003

Á 508. fundi stjórnar Sorpu bs. sem haldinn var 6. nóvember sl. var eftirfarandi bókað vegna umræðu um stöðu uppbyggingar nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg:

„Í ljósi undangenginnar kynningar hóps um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu samþykkir stjórn, með vísan til gr. 4.3 í eigendastefnu byggðasamlagsins, að leita heimildar eigendafundar Sorpu bs. fyrir því að uppbygging nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg verði á grundvelli sviðmyndar 1, með yfirbyggingu að hluta. Framkvæmdastjóra er falið að leggja ákvörðun stjórnar fyrir eigendafund til staðfestingar ásamt fyrirliggjandi áhættumati ráðgjafa og áhættumati áhættunefndar.“

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu kynnir framangreint og tillögur um fjármögnun uppbyggingar nýrrar endurvinnslustöðvar en gert er ráð fyrir að hún verði fjármögnuð með töku verðtryggðs láns til 30 ára að fjárhæð 1,332 ma.kr.

Óskað er eftir staðfestingu eigendavettvangs á fyrrgreindri bókun, þ.e. heimild til að halda áfram með framkvæmdina og heimild til lántöku samkvæmt framansögðu.

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Eigendavettvangur staðfestir fyrir sitt leyti bókun stjórnar Sorpu bs. frá 6. nóvember sl. og að málið verði unnið áfram á grundvelli fyrirliggjandi tillögu, en endanlegri ákvörðun er vísað til umræðu og afgreiðslu sveitarfélaganna. Stjórn og framkvæmdastjóra Sorpu bs. er falið að fylgja málinu eftir gagnvart



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

sveitarfélögunum. Jafnframt er stjórn Sorpu bs. hvött til þess að leita leiða til að lágmarka þá fjárhæð sem taka þarf að láni vegna framkvæmda á vegum byggðasamlagsins.

Samþykkt

2. SORPA -Heildarlausn í úrgangsmálum - brennsla - 1908010

Á 508. fundi stjórnar Sorpu bs. sem haldinn var 6. nóvember sl. var eftirfarandi bókað vegna umræðu um undirbúningsvinnu vegna stofnunar undirbúningsfélags um hátæknibrennslu á Íslandi. Undirbúningsfélagið er samstarfsverkefni Sorpu bs., Kölku sf. og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis:

„Stjórn samþykkir að SORPA bs. taki þátt í stofnun Undirbúningsfélags um hátæknibrennslu á Íslandi með Kölku sf. og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Framkvæmdastjóra er falið að vinna málið áfram og kynna jafnframt á eigendafundi byggðasamlagsins.“

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnir.

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Stjórn SSH tilnefnir Pál Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóra SSH í stjórn undirbúningsfélagsins.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30.